

12. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 10. janúar í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Eyþór Einarsson, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi,
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Fundur settur kl. 9:00.

1. Kynningarmál

Fyrstu myndbönd eru að mestu leyti tilbúin til birtingar. RR var falið að hafa samband við Árna Gunnarsson kennara í FNV vegna aðkomu nemenda skólans að kynningarstarfinu. Tillögur og ábendingar komu fram um ólíkar leiðir til að ná til íbúa samfélagsins og kveikja áhuga þeirra á sameiningarkosningunum.

Drög að texta í kynningarbækling liggur fyrir sem verður dreift út til íbúa fyrir 24. janúar nk.

2. Heimsóknir til þingflokka og ráðherra

Fulltrúar nefndarinnar heimsóttu þingflokka og ráðherra í desember sem gekk vel að þeirra mati. Fréttatilkynning vegna heimsóknarinnar verður send út í vikunni.

3. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin hjá sýslumanni og tilkynning þess efnis hefur verið birt á vefsíðu verkefnisins. Fyrirhugaður er samráðsfundur með formönnum kjörstjórna til að undirbúa form og skipulag kosninganna.

4. Íbúafundir

Íbúafundir í báðum sveitarfélögum eru fyrirhugaðir 1. og 2. febrúar. Stefnt er að því að fundirnir verði bæði á staðnum og í gegnum fjarfundarbúnað en meta þarf stöðu Covid-19 faraldursins þegar nær dregur og hvort þörf verði á því að hafa fundina alfarið í gegnum fjarfundarbúnað.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10:11.